




TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

NAUST 1 – NORÐFJARÐARHÖFN OG NÁGRENNI



GREINARGERÐ 19.11.2012

Deiliskipulag þetta var auglýst samkv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_ 2013

Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann \_\_\_\_\_ 2013

---

bæjarstjórinn í Fjarðabyggð

Auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins birtist t í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 2013

## Efnisyfirlit

|                            |   |
|----------------------------|---|
| 0 Málsmeðferð .....        | 2 |
| 1.0 Inngangur .....        | 3 |
| 2.0 Skipulagsákvæði .....  | 5 |
| 3.0 Umhverfisskýrsla ..... | 9 |

## **0 Málsmeðferð**

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá xxx til xxx 2013. Ábendingar og athugasemdir bárust frá Vegagerðinni, Siglingastofnun og Náttúrustofu Austurlands.

Þann 11. mars 2013, að afloknum auglýsingatíma og við afgreiðslu bæjarstjórnar var eftirfarandi breyting samþykkt: 30 m veghelgunarsvæði neðan við Norðfjarðarveg var bætt inn á skipulagsuppdrátt vegna athugasemda Vegagerðarinnar. Þá var bætt inn í greinargerðina í kafla 2.4 *Almennir skilmálar* málsgrein um lóðir og veghelgunarsvæði við Norðfjarðarveg.

## 1.0 Inngangur

Hér er sett fram tillaga að deiliskipulagi Norðfjarðarhafnar sem unnið var í samræmi við 40. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða deiliskipulagstillögunni var unnin tilheyrandi tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðarbyggðar 2007–2027, þéttbýlisupprætti fyrir Norðfjörð. Tillögurnar eru auglýstar samhliða.

Deiliskipulagstillagan felur í sér stækkun á Norðfjarðarhöfn sem er tilkynningarskyld framkvæmd í samræmi við lið 13. a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagstillagan falla því undir lög um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006. Umhverfismatið er sett fram í kafla 3 „Umhverfisskýrsla“ hér að neðan. Samráð var haft við Skipulagsstofnun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslunni.

## 1.2. Deiliskipulagssvæðið

Svæðið sem um ræðir nær frá flugvelli í suðri að mótum Norðfjarðarvegur og Strandgötu í norðri. Innan þess eru tveir skilgreindir landnotkunarreitir. Iðnaðarsvæði I1, þar sem er aðveitustöð og nokkur smærri þjónustufyrirtæki, s.s. bíla og trésmiðjaverkstæði. Hafnarsvæði H1, þar sem er hafnaraðstaða, stór fiskvinnslufyrirtæki og þjónusta við útgerð. Um Norðfjarðarhöfn fara nú stærstu skip íslenska fiskiskipaflotans. Norðfjarðarhöfn er ein stærsta löndunarhöfn landsins og þar hefur markvisst verið byggð upp sérhæfð fiskvinnsla fyrir uppsjávarfisk.

Eftirfarandi upplýsingar um byggingar á skipulagssvæðinu eru fengnar úr grunni FMR og byggingafulltrúa Fjarðarbyggðar:

| Lóð               | Byggingarár | Byggingarefni | Mesta hæð | Nýt.hl. | Núv. starfsemi       |
|-------------------|-------------|---------------|-----------|---------|----------------------|
| Borgarnaust 6     | 1983        | Stál          | 4,4       | 0,18    | Trésmiðaverkstæði    |
| Borgarnaust 7     | 1993        | Stál          | 6,6       | 0,08    | Aðveituhús/spennist. |
| Borgarnaust 8     | 1982        | Steypa        | 4,8       | 0,07    | Trésmiðaverkstæði    |
| Vindheimanaust 5  | 1976        | Steypa        | 7,0       | 0,18    | Vélsmiðja            |
| Vindheimanaust 6  |             |               | 3,1       |         | Vatnsveita/dæluhús   |
| Vindheimanaust 7  | 1976        | Stál          | 6,1       | 0,30    | Verkstæði            |
| Vindheimanaust 8  | 1980        | Stál          | 7,2       | 0,43    | Vélsmiðja            |
| Hafnarnaust 5     | 1996        | Stál/steypa   | 10,9      | 2,42    | Íshús                |
| Hafnarnaust 6     | 1982-2006   | Stál/steypa   | 8,2       | 0,25    | Frystihús            |
| Hafnarnaust 7     | 2002        | Steypa        | 4,3       |         | Íshús                |
| Flugstöð          | 1980-90     | Timbur        | 8,0       |         | Flugstöð             |
| Naustahvammur 19  | 1965        | Steypa        | 10,5      | 0,77    | Skemma               |
| Naustahvammur 20  | 1943        | Steypa/Timbur | 5,5       | 0,11    | Íbúðarhús            |
| Naustahvammur 45  | 1967        | Stál          | 9,8       | 1,55    | Skemma               |
| Naustahvammur 48  | 1965-66     | Stál/Timbur   | 5,4       | 0,22    | Geymsla              |
| Naustahvammur 52  | 1930        | Timbur        | 5,5       | 0,98    | Íbúðarhús            |
| Naustahvammur 53  | 2005        | Timbur/Stál   | 17,5      | 0,10    | Olíutankar           |
| Naustahvammur 54  | 1923        | Steypa/Timbur | 5,5       | 0,32    | Íbúðarhús            |
| Naustahvammur 55  | 2001        | Stál          | 10,5      | 0,36    | Lýsistankar          |
| Naustahvammur 56a | 1950-55     | Timbur/Steypa | 4,8       | 0,09    | Verkstæði            |
| Naustahvammur 57  | 1975-2004   | Stál/Steypa   | 14,5      | 0,24    | Skemma/olíutankar    |

|                     |           |               |      |      |                      |
|---------------------|-----------|---------------|------|------|----------------------|
| Naustahvammur 67-69 | 1975-1999 | Stál/Steypa   | 10,3 | 0,65 | Fiskimjölsværksmiðja |
| Naustahvammur 71    | 2004      | Steypa        | 5,5  | 0,27 | Laxakvíar            |
| Naustahvammur 76    | 1991      | Steypa/Timbur | 4,6  | 0,12 | Hafnarvog            |
| Strandgata 77       | 1932      | Steypa        | 5,8  | 0,08 | Geymslutankur        |
| Strandgata 79       | 1948-1975 | Stál/Steypa   | 11,6 | 0,63 | Skemma               |
| Strandgata 81       | 1960      | Steypa        | 3,7  | 0,43 | Spennistöð           |

### 1.3 Markmið

Eftirfarandi markmið voru höfð að leiðarljósi við gerð deiliskipulagstillögunar.

- Bæta aðstöðu við fiskihöfnina á Norðfirði þannig að stærri fiski- og flutningaskip geti athafnað sig með góðu móti.
- Auka legupláss fyrir fiski og flutningaskip.
- Bæta aðstöðu fyrir smábáta.
- Fjölga lóðum innan hafnarsvæðisins og á iðnaðarsvæði fyrir ofan það.
- Móta ramma utan um núverandi lóðir þannig að hægt sé að byggja við starfsemina.
- Setja ramma utan um hús sem eru innan C hættulínu þannig að hægt sé að viðhalda þeirri starfsemi sem þar er innan þeirra takmarkana sem reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkunar og nýtingu hættusvæða nr. 505/2000 m.s.br. setur.

### 1.4 Skipulagsferli

Lýsing á deiliskipulagsverkefninu og tilheyrandi aðalskipulagsverkefni, dags. 2. október 2012, var send Skipulagsstofnun og eftirfarandi aðilum til umsagnar: Veðurstofunni, Siglingastofnun, Flugmálastjórn, Fornleifavernd ríkisins, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Fiskistofu og hafnarstjórn Fjarðarbyggðar. Lýsingin var aðgengileg á vef Fjarðarbyggðar og lá frammi í þjónustugátt í bókasafninu á Norðfirði og á skrifstofu Fjarðarbyggðar.

Ábendingar bárust frá Skipulagsstofnun um að gera þyrfti grein fyrir umfangi framkvæmdanna við Norðfjarðarhöfn og meta hvort þær falli undir ákvæði 1. eða 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 106/2000. Einnig að gera þurfi grein fyrir stærð einstakra reita og umfangi heildar uppbyggingar eftir breytingar.

Í umsögn Veðurstofunnar kemur fram að ekkert mæli gegn til lagðri breytingu á reitaskiptingu núgildandi aðalskipulags en bent er á að leggja þurfi sérstaka áherslu á þær reglur sem gilda um nýtingu C-hættusvæða.

Flugmálastjórn gerir ekki athugasemdir við lýsinguna en minnir á að ekki megi vera hindranir eða ójöfnur á öryggissvæði flugbrautarinnar sem nær 75 m frá miðlínu flugbrautarinnar.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands gerir ekki athugasemdir við áformaðar breytingar á aðalskipulagi en leggur áherslu á að farið verði í úrbætur á fráveitumálum og gert verði ráð fyrir dælu- og hreinsistöð á hafnarsvæðinu.

Fornleifavernd ríkisins getur þess að engar skráðar minjar séu í hættu en minnir á að saga útræðis frá Naustahvammum sé löng og ef óþekktar minjar finnast á landi eða sjó við framkvæmdirnar skuli framkvæmdir stöðvaðar líkt og kveðið er á í 13. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Aðrir umsagnaraðilar gerðu hvorki athugasemdir né komu með ábendingar. Í skipulagsvinnunni hefur verið tekið tillit til ofangreindra ábendinga.

## 2.0 Skipulagsákvæði

### 2.1. Samgöngur og lagnir

Akandi umferð tengist deiliskipulagssvæðinu frá Norðfjarðarvegi með Leiruvegi og Naustahvammi. Umferð stórra flutningabíla er mikil um svæðið og er því gert ráð fyrir að götur séu ekki undir 7,5m að breidd.

Flugbraut er við syðri mörk deiliskipulagssvæðisins. Tryggja þarf að engar ójöfnur séu á öryggissvæði flugbrautarinnar sem nær 75 m frá miðlínu flugbrautarinnar. Á skýringarmynd koma fram hindrunarlínur flugvallarins. Öll mannvirki verða að taka mið að þeim hæðartakmörkunum sem hindrunarfletirnir marka.

### 2.2. Náttúru- og menningarminjar

Á svæðinu eru engar skráðar náttúruminjar. Innan og við svæðið eru þrjár skráðar fornminjar sem koma fram í fornleifaskrá fyrir Norðfjörð. Gerð er grein fyrir þessum fornminjum í viðauka 4, í greinargerð aðalskipulags; ákvæði kafla 9.2.11. Finnist áður óþekktar minjar við framkvæmdir hvort sem er á landi eða láði skal í slíkum tilvikum fara í einu og öllu eftir því sem kveðið er á um í 13. grein þjóðminjalaga nr. 107/2001 þar sem segir: „Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.“

### 2.3. Svæði undir náttúruvá

Hluti svæðisins er á hættusvæði vegna ofanflóða og eru jafnáhættulínur A, B og C sýndar á uppdrætti. Öll landnotkun innan hættusvæðis jafnáhættulína lýtur 19. gr reglugerðar um hættumat vegna ofanflóða, flokkunar og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats nr. 505/2000 m.s.br.

### 2.4. Almennir skilmálar

#### Hönnun mannvirkja og uppdrættir

Nýjar byggingar, viðbyggingar og aðrar framkvæmdir innan lóða skipulagssvæðisins skulu vera í samræmi við skipulagsskilmála þessa, gildandi byggingarreglugerð, hæðar- og mæliblöð og aðrar reglugerðir og staðla sem lúta að byggingarmálum almennt. Að öðru leyti er húsagerð frjálst.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og við lóðamörk sem og og önnur mannvirki sem máli skipta fyrir fyrirkomulag og útlit lóðanna.

#### Mæli- og hæðarblöð

Mæliblöð sýna lóðamörk, stærðir lóða, byggingareiti, innkeyrslur inn á lóðir og kvaðir ef einhverjar eru.

Hæðarblöð sýna götu- og gangstéttarhæðir við lóðamörk (G). Lóðarhæðir á lóðamörkum skulu samsvara þessum tölum. Hæð á aðalgólfi byggingar er sýnd á hæðarblöðum ( H ) sem geta verið

bindandi vegna fráveitulagna. Á hæðablöðum er sýnd staðsetning og hæðir á frárennslis- og vatnslögnum og kvaðir um inntök veitustofnana eftir atvikum.

### **Byggingareitir og byggingarlínur**

Byggingareitir er sýndur á mæliblöðum og skulu allir meginhlutar byggingarinnar standa innna þeirra.

### **Þakform**

Byggingar skulu almennt vera með mænispak og þakhalli á bilinu 10-20°.

### **Bílastæði**

Miðað skal við eftirfarandi viðmið við fjölda bílastæða innan deiliskipulagssvæðisins.

- Eitt bílastæði fyrir hverja 150m<sup>2</sup> í vörugeymslum.
- Eitt bílastæði fyrir hverja 75 m<sup>2</sup> í öðru húsnæði.

### **Athafnasvæði hafnarstjórnar**

Norðfjarðarhöfn lýtur stjórn Hafnarstjórnar Fjarðarbyggðar í samræmi við hafnarreglugerð fyrir hafnir Fjarðarbyggðar nr. 978/2009.

Haga þarf umferð innan hafnarinnar með þeim hætti að sem minnst slyshætta stafi af henni fyrir þá sem þar vinna. Ökuleiðir þurfa að vera nægjanlega breiðar og greiðfærar og gönguleiðir yfir þær merktar. Hafnarstjórn er heimilt í öryggisskyni að loka hafnarsvæðum fyrir allri óviðkomandi umferð sbr. 20 gr. reglugerð um hafnarmál nr. 326/2004.

Uppsetning mastra, ljósastaura og annarra mannvirkja við smábátahöfn er háð hæðartakmörkunum flugmálastjórnar. Hindrunarlínur eru sýndar á uppdrætti.

### **Lóðir á hættusvæðum**

Um nýtingu lóða á skilgreindum hættusvæðum er háð skilmálum sem koma fram í 19. gr reglugerðar um hættumat vegna ofanflóða, flokkunar og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats nr. 505/2000 m.s.br.

Á hættusvæðum A og B er heimilt að reisa nýtt atvinnuhúsnæði þar sem ekki er ætluð næturgisting án kvaða um styrkingu.

Á hættusvæði C er einungis heimilt að reisa ný mannvirki þar sem ekki er búist við stöðugri viðveru fólks til búsetu eða vinnu s.s. dælu- og spennistöðvar, möstur og önnur sbr. Mannvirki enda skapist ekki frekari hætta gagnvart annarri byggð ef mannvirkið yrði fyrir áraun af völdum ofanflóða. Heimilt er að breyta íbúðar- og atvinnuhúsnæði þó þannig að heildaráhætta á viðkomandi svæði aukist ekki, t.d. með fjölgun íbúða eða fjölgun starfsmanna.

### **Frágangur lóða**

Rekstraraðilar skulu halda athafnasvæðum sínum snyrtilegum. Ekki skal geyma vélahluti eða annað lauslegt á víðavangi og fjarlægja skal fiskúrgang af lóð þegar í stað. Allar akstursleiðir og plön á athafnalóðum skulu lögð bundnu slitlagi.

### **Lóðir og veghelgunarsvæði við Norðfjarðarveg**

Þrjátíu metra veghelgunarsvæði frá miðlínu Norðfjarðarvegur er merkt inn á uppdrátt í samræmi við 32. gr. Vegalaga nr. 80/2007. Lóðarhafar lóða sem ná inn fyrir veghelgunarsvæðið skulu haga



skipulagi þess hluta lóðarinnar í samráði við Vegagerðina. Endanlegar byggingarlínur skulu settar fram á lóðarblaði í framhaldinu.

## 2.5 Sérskilmálar fyrir einstakar lóðir

Á uppdætti eru upplýsingar um landnotkun, nýtingarhlutfall og lóðastærðir einstakra lóða.

**Borgarnaust 5.** Óbyggð lóð á iðnaðarsvæði (I1). Lóðin er 2.284 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 9m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði B.

**Borgarnaust 6.** Þegar byggð lóð á iðnaðarsvæði (I1). Lóðin er 1.875 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 9m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði B.

**Borgarnaust 7.** Þegar byggð lóð á iðnaðarsvæði (I1). Lóðin er 2.537 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 9m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði B.

**Borgarnaust 8.** Þegar byggð lóð á iðnaðarsvæði (I1). Lóðin er 3.150 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 9m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði B&C.

**Hafnarnaust 5.** Þegar byggð lóð á hafnarsvæði (H1). Lóðin er 175 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 12m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 2,5. Lóðin er á hættusvæði A&B.

**Hafnarnaust 6.** Þegar byggð lóð á hafnarsvæði (H1). Lóðin er 76.239 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 18m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði A&B.

**Hafnarnaust 7.** Þegar byggð lóð á hafnarsvæði (H1). Lóðin er 100 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 9m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 1,25. Lóðin er á hættusvæði A&B.

**Landanaust 1.** Ný lóð á hafnarsvæði (H1). Lóðin er 338 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 9m háa byggingu á lóðinni. Gert er ráð fyrir dælu- og hreinsistöð fyrir frárennsli á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 1,5. Lóðin er á hættusvæði B og C.

**Naustahvammur 19.** Þegar byggð lóð á hafnarsvæði (H1). Lóðin er 1.300 m<sup>2</sup> að stærð. Lóðin er á hættusvæði C og ekki heimilt að auka byggingarmagnið.

**Naustahvammur 20.** Þegar byggð lóð á iðnaðarsvæði (I1). Lóðin er 980 m<sup>2</sup> að stærð. Lóðin er á hættusvæði C og ekki heimilt að auka byggingarmagnið.

**Naustahvammur 45.** Þegar byggð lóð á hafnarsvæði (H1). Lóðin er 4.440 m<sup>2</sup> að stærð. Lóðin er á hættusvæði C og ekki heimilt að auka byggingarmagnið.

**Naustahvammur 48.** Þegar byggð lóð á iðnaðarsvæði (I1). Lóðin er 1.374 m<sup>2</sup> að stærð. Lóðin er á hættusvæði C og ekki heimilt að auka byggingarmagnið.

**Naustahvammur 51.** Ný lóð á hafnarsvæði (H1). Lóðin er 1.668 m<sup>2</sup> að stærð. Gert er ráð fyrir söfnunarstöð fyrir úrgang á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði B og C.

**Naustahvammur 52.** Þegar byggð lóð á iðnaðarsvæði (I1). Lóðin er 1.742 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 9m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,35. Lóðin er á hættusvæði B og C.

**Naustahvammur 53.** Þegar byggð lóð á hafnarsvæði (H1). Lóðin er 2.473 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 12m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði B.

**Naustahvammur 54.** Þegar byggð lóð á iðnaðarsvæði (I1). Lóðin er 1.660 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 9m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,35. Lóðin er á hættusvæði B og C.

**Naustahvammur 55.** Þegar byggð lóð á hafnarsvæði (H1). Lóðin er 1.715 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 12m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði B

**Naustahvammur 56.** Þegar byggð lóð á iðnaðarsvæði (I1). Lóðin er 520 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 9m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði B og C.

**Naustahvammur 56a.** Þegar byggð lóð á iðnaðarsvæði (I1). Lóðin er 3.110 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 9m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði B og C.

**Naustahvammur 57.** Þegar byggð lóð á hafnarsvæði (H1). Lóðin er 2.593 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 12m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði A&B

**Naustahvammur 58.** Ný lóð á iðnaðarsvæði (I1). Lóðin er 3.879 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 9m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði B og C.

**Naustahvammur 60.** Ný lóð á iðnaðarsvæði (I1). Lóðin er 2.718 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 9m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði B. Kvöð er um lagnaleið frá spennistöð við Vindheimanaust 6.

**Naustahvammur 67-69.** Þegar byggð lóð á hafnarsvæði (H1). Lóðin er 19.246 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 18m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði A&B. Kvöð er um lagnaleið frá spennistöð við Vindheimanaust 6.

**Naustahvammur 71.** Þegar byggð lóð á hafnarsvæði (H1). Lóðin er 2.169 m<sup>2</sup> að stærð og er að hluta í sjó. Heimilt er að reisa allt að 9m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,3. Lóðin er á hættusvæði A&B.

**Naustahvammur 76.** Þegar byggð lóð á hafnarsvæði (H1). Lóðin er 9.935 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 9m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði A&B. Lóðin er í umsjá Fjarðabyggðahafna og hýsir hafnarvog, gáma og geymslusvæði hafnarinnar. Lóðin er á hættusvæði B.

**Naustavegur 8.** Ný lóð á iðnaðarsvæði (I1). Lóðin er 849 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 9m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði B.

**Naustavegur 10.** Ný lóð á iðnaðarsvæði (I1). Lóðin er 3.497 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 12m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði B.

**Naustavegur 12.** Ný lóð á iðnaðarsvæði (I1). Lóðin er 4.743 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 12m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði A&B.

**Naustavegur 14.** Ný lóð á iðnaðarsvæði (I1). Lóðin er 4.680 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 12m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði A&B.

**Naustavegur 16.** Ný lóð á iðnaðarsvæði (I1). Lóðin er 5.790 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 12m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði A&B.

**Naustavegur 18.** Ný lóð á iðnaðarsvæði (I1). Lóðin er 6.900 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 12m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði A&B.

**Strandgata 77.** Þegar byggð lóð á hafnarsvæði (H1). Lóðin er 2.169 m<sup>2</sup> að stærð. Lóðin er á hættusvæði C og ekki heimilt að auka byggingarmagnið.

**Strandgata 79.** Þegar byggð lóð á hafnarsvæði (H1). Lóðin er 6.148 m<sup>2</sup> að stærð. Lóðin er á hættusvæði C og ekki heimilt að auka byggingarmagnið.

**Strandgata 81.** Þegar byggð lóð á hafnarsvæði (H1). Lóðin er 63 m<sup>2</sup> að stærð. Lóðin er á hættusvæði C og ekki heimilt að auka byggingarmagnið.

**Vindheimanaust 5.** Þegar byggð lóð á iðnaðarsvæði (I1). Lóðin er 1.750 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 9m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði B.

**Vindheimanaust 6.** Þegar byggð lóð á iðnaðarsvæði (I1) undir spenn- og aðveitustöð. Lóðin er 116 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 4m háa byggingu á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,5. Lóðin er á hættusvæði B.

**Vindheimanaust 7.** Þegar byggð lóð á iðnaðarsvæði (I1). Lóðin er 2.460 m<sup>2</sup> að stærð. Lóðin er á hættusvæði C og ekki heimilt að auka byggingarmagnið.

**Vindheimanaust 8.** Þegar byggð lóð á iðnaðarsvæði (I1). Lóðin er 2.720 m<sup>2</sup> að stærð. Lóðin er á hættusvæði C og ekki heimilt að auka byggingarmagnið.

### 3.0 Umhverfisskýrsla

Deiliskipulagstillagan felur í sér framkvæmdir sem falla undir ákvæði 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 106/2000. Siglingastofnun hefur sett fram fjórar útfærslur á stækkun hafnarinnar. Allar tillögurnar eru álíkar að umfangi en ólíkar hvað varðar legu hafnargarðs og fyrirkomulag smábátahafnarinnar. Óbreytt ástand telst ekki koma til greina þar sem höfnin býr við þröngan kost, innsiglingin þröng, snúningsrými lítið, dýpi takmarkað og stærri skip eiga erfitt með að athafna sig.

#### Yfirlit yfir framkvæmdirnar sem tillagan nær til

Norðfjarðarhöfn er nokkuð umfangsmikil í dag og um hana fara skip sem eru yfir 1.350 brúttólestir að stærð. Sú breyting sem lögð er til felur ekki í sér eðlisbreytingar á hafnarstarfsemi en mun auka öryggi og bæta þá aðstöðu sem nú er fyrir hendi. Framkvæmdunum er lýst í skýrslu Siglingastofnunar - Stækkun fiskihafnar í Neskaupstað (Siglingastofnun, júní 2012), þær eru eftirfarandi:

- Nýr hafnargarður með enda innan við enda Skjólgarðs
- 70 m hafnarmynni með tunnu á enda
- 210 m snúningsrými upp að köntum
- Tograbryggja lengd um 60 m til suðurs

- Lækurinn færður til austurs
- Möguleg landfylling við smábátahöfn
- Ný smábátahöfn (færsla núverandi hafnar) með rými fyrir tvær flotbryggjur, 50 og 60 m langar, með legu beggja vegna, auk 40 m öldubríjós nyrst með legu öðru megin.

### **Umfang framkvæmdanna**

Nokkur breyting verður á hafnarsvæðinu sem felur í sér nýja landfyllingu sem mun ná yfir um 3 ha svæði en hluti þeirrar fyllingar sem nú er í höfninni verður fjarlægður.

Framkvæmdin felur einnig í sér að höfnin er dýpkuð og verður það efni nýtt til fyllingar undir nýjan hafnargarð. Áætlað magn efnis sem fæst með dýpkun er 135.000 m<sup>3</sup>. Grjót og kjarna úr núverandi hafnargarði verður notað í nýjan. Að auki þarf grjót í nýjan hafnargarð sem nemur 30.000 m<sup>3</sup>. Það efni verður sótt í grjótnámu í landi Skuggahlíðar (E5 á sveitafélagsupprætti).

Gera má ráð fyrir að bygging nýs hafnargarðs muni taka um 2 ár. Botninn undir garðinn er veikur og því nauðsynlegt að fylla upp í áföngum og leyfa garðinum að setjast áður en áfram er haldið. Í lokaáfanganum þarf að taka upp núverandi hafnargarð og verður höfnin þá opin um 6 mánaða skeið og kantar óvarðir.

### **Verkröð**

Siglingastofnun hefur lagt til eftirfarandi verkröð:

- Stálþilsefni í lengingu Togarabryggju.
- Uppúrtekt við væntanlega lengingu Togarabryggju og lækur settur í stökk.
- Dýpkun innan hafnar við núverandi hafnargarð. Efnið losað í fyllingu undir nýjan hafnargarð.
- Færsla smábátahafnar. Uppsteypa landstöpla og færsla flotbryggju.
- Lenging á Togarabryggju.
- Uppúrtekt grjóts og kjarna úr núverandi hafnargarði, efni lagerað. Nýr hafnargarður færður út um 50m.
- Dýpkun við lengingu á togarabryggju undir núverandi hafnargarði. Losað í fyllingu undir nýjum.
- Tunnuendi nýs hafnargarð smíðaður.
- Lokið við að byggja upp nýjan hafnargarð frá landi með kjarna og grjóti og tunnuenda komið fyrir.
- Þekja, lagnir og annar frágangur Togarabryggju lokið.

Siglingastofnun hefur kynnt verktilhögunina fyrir útgerð og fiskvinnslu sem staðsett er við Norðfjarðarhöfn.

### **Aðferðir við umhverfismatið**

Við gerð deiliskipulagstillögunnar var farið yfir þá umhverfisþætti sem taldir tilgreindir eru í lögum um umhverfismat áætlaða og möguleg áhrif á þá metin. Við matið var einkum byggt á skýrslu Siglingastofnunar (Stækkun fiskihafnar í Neskaupstað, júní 2012), gildandi aðalskipulagi, núverandi aðstæðum á svæðinu og umsögnum sem bást við skipulagslýsingu. Í eftirfarandi töflu er lagt mat á hver áhrif á umhverfisþætti kunna að verða. Umhverfisviðmið sem notuð voru við matið eru þau sömu og notuð voru við umhverfismat gildandi aðalskipulags fyrir Fjarðabyggð og er hér vísað til bls. 162 í aðalskipulagsgreinargerðinni til nánari skýringar á viðmiðum.

Valkostirnir snúast einkum um það hvort höfnin verði stækkuð eða ekki. Óbreytt ástand telst ekki koma til greina þar sem höfnin býr við þröngan kost, innsiglingin er þröng, snúningsrými er lítið, dýpi takmarkað og stærri skip eiga erfitt með að athafna sig. Núverandi ástand er því ekki talinn raunhæfur kostur og er því ekki tekinn til mats. Siglingastofnun hefur hannað útfærslu á stækkun hafnarinnar og hafa Fjarðabyggðarhafnir sent tilkynningu um stækkunina til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu skv. 6. gr. laga nr. 106/2000 m.s.br. tl. 13.a í 2. viðauka laganna.

### Umhverfisþættir og mat á áhrifum

| Umhverfisviðmið  | Umhverfisþættir                              | Umhverfisáhrif   |
|--|--|--|
| Heilnæmt og öruggt umhverfi                                  | Samfélag                                     | Sú breyting sem lögð er til felur ekki í sér eðlisbreytingar á hafnarstarfsemi en mun auka öryggi og bæta þá aðstöðu sem nú er fyrir hendi. Betri hafnaraðstæður eru líklegar til að styðja við atvinnulíf í Fjarðabyggð almennt og á Norðfirði sérstaklega. Áhrifin eru því metin verulega jákvæð og langtíma.  |
|  | Eignir                                       | Breytingin kallar á flutning á gámavelli á vegum Fjarðabyggðar, sem nú er á svæði A1 yfir á svæði I1. Vænta má að bættar hafnaraðstæður auki verðmæti eigna sem hýsa hafnsækna starfsemi. Áhrifin eru því almennt metin jákvæð.  |
|  | Heilbrigði manna                             | Öruggari og betri hafnaraðstæður bæta öryggi sjófarenda. Þrátt fyrir að opnu svæði til sérstakra nota sé breytt í iðnaðarsvæði er ekki verið að skerða útivistarmöguleika eða aðgengi almennings að strönd eða för um opið svæði, þar sem svæðið tilheyrir hættusvæði C og á því er óheimilt er að reisa ný mannvirki. Áhrifin eru metin jákvæð m.t.t. öryggis og hvorki jákvæð né neikvæð m.t.t. útivistar.   |
|  | Menningararfleifð                            | Engar skráðar minjar eru í hættu á svæðinu, sbr. umsögn Fornleifaverndar ríkisins um skipulagslýsinu, en saga útræðis frá Naustahvammi er löng. Óþekktar minjar kunna því að finnast á landi eða sjó við framkvæmdirnar. Í slíku tilviki skulu framkvæmdir stöðvaðar líkt og kveðið er á í 13. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001.   |
| Verndun náttúru Íslands                                      | Dýr Plöntur Líffræðileg fjölbreytni Landslag | Þær framkvæmdirnar sem breytingartillagan gerir ráð fyrir eru allar á röskuðu landi og í sjó. Áhrif á landslag eru takmörkuð við höfnina sjálfa en nokkur breyting verður á hafnarsvæðinu með nýrri landfyllingu og nýjum hafnargörðum. Áhrifin eru þó metin óveruleg.   |
| Sjálfbær nýting auðlinda                                     | Jarðvegur Vatn Jarðmyndanir                  | Gert er ráð fyrir um 3 ha „landfyllingu“ eða athafnasvæði, að hluta til hækkan lands við núverandi gámasvæði og hliðarsvæði við flugbraut og að hluta til fyllingar á lágt svæði þar sem lækur hefur farið um, en sá hluti er um 7.000 m <sup>2</sup> . Lækurinn rennur úr lóni sem liggur milli fjallshlíðar og flugbrautar. Í það renna nokkrir lækir, en engin fiskgengd er í lóninu. Fiskistofa gerir ekki athugasemd við fyrirhugaðar breytingar á hafnarsvæðinu út frá hagsmunum í lax- og silungsveiðimálum. Efni sem til fellur við dýpkun hafnarinnar verður nýtt til fyllingar undir nýjan hafnargarð. Áætlað magn efnis sem fæst með dýpkun er 135.000 m <sup>3</sup> . Grjót og kjarni úr núverandi hafnargarði verður notað í nýjan. Að auki þarf grjót í nýjan hafnargarð sem nemur 30.000 m <sup>3</sup> . Það efni verður sótt í grjótnámu í landi Skuggahlíðar (E5 á sveitafélagsupprætti). Umgengni og frágangur á grjótnámu í landi Skuggahlíðar skal vera í samræmi við kafla 5.5 í greinargerð Aðalskipulags Fjarðarbyggðar 2007 – 2027. Framkvæmdirnar eru ekki taldar breyta vatnafari eða hafa áhrif á grunnvatn. Í heild eru áhrif á jarðveg, vatn og jarðmyndanir taldar óverulegar. |
| Heildarmat – þegar lítið er til áhrifa á alla umhverfisþætti |  | Ekki er gert ráð fyrir verulegum áhrifum á neina umhverfisþætti vegna framkvæmdarinnar. Heildaráhrifin á stækkun Norðfjarðarhafnar eru metin jákvæð m.t.t. mikils ávinnings er að öruggari höfn fyrir atvinnulíf í Norðfirði sérstaklega og Fjarðabyggð almennt. Ekki er talin þörf á sérstakri vöktun vegna framkvæmdarinnar annarri en felst í verkeftirliti Hafnarstjórnar Fjarðarbyggðar.  |

### Mótvægisáðgerðir

Á framkvæmdatímanum er nauðsynlegt að hafa gott samráð við helstu rekstraraðila innan hafnarsvæðisins til að lágmarka truflun á starfsemi eins og kostur er. Einnig þarf að huga sérstaklega að hindrunarfleti flugvallarins og tryggja að hindranir á framkvæmdatíma fari ekki upp fyrir gefnar hæðir. Leita skal umsagnar Isavia á staðsetningu lagersvæða og annarra þátta sem geta haft áhrif á

hindrunarfleti. Lögð verði áhersla á að vanda allan undirbúning framkvæmda og hafa gott verkeftirlit á framkvæmdatíma.

### **Helstu niðurstöður**

- Framkvæmdinni er ætlað að auka öryggi við Norðfjarðarhöfn, auðvelda skipaferðir og bæta aðstöðu við bryggjukanta.
- Umfang framkvæmdarinnar er lítið. Helstu áhrif á umhverfið eru á framkvæmdatíma sem reiknað er með að taki tvö ár.
- Ekki er gert ráð fyrir verulegum áhrifum á neina umhverfisþætti aðra en jákvæðum áhrifum á efnahag og samfélag að framkvæmd lokinni.
- Mótvægisaðgerðir á framkvæmdatíma felast í samráði við helstu rekstraraðila við höfnina um tímasetningar framkvæmda og Isavia varðandi áhrif á hindrunarfleti flugvallarins.
- Lagðir hafa verið fram fjórir valkostir við stækkun hafnarinnar og þeir bornir saman m.t.t. umfangs og kostnaðar. Ekki er talinn valkostur að hafa höfnina í því ástandi sem nú er.
- Lögð verður áhersla á að vanda allan undirbúning framkvæmda og hafa gott verkeftirlit á framkvæmdatíma.